

Húsasmiðjan ehf.
Skútuvogi 16
104 Reykjavík

Reykjavík, 2. október 2024
UST202405-122/K.S.G.
07.07.02

Niðurstaða eftirlits - Plöntuverndarvörur á markaði - Málslok

Umhverfisstofnun vísar í áðursenda eftirlitsskýrslu, dags. 11.9.2024, vegna eftirlits með plöntuverndarvörum sem fyrirtækið Húsasmiðjan ehf. er ábyrgt fyrir markaðssetningu á.

Vörurnar Húsa- og garðaúði, Permasect C, Toxan illgresiseyðir - úði / Planrens klar til brug og Topgun illgresiseyðir, þykkni /UkrudtsFri KVIK Koncentrat voru skoðaðar m.t.t. markaðsleyfis og merkinga, sbr. efnalög nr. 61/2013, reglugerð nr. 544/2015, reglugerð nr. 677/2021 og reglugerð nr. 415/2014. Varan Topgun illgresiseyðir, þykkni / UkrudtsFri KVIK Koncentrat, sem Eco-Garden ehf. er birgir fyrir og féll undir umfang eftirlitsins, var skoðuð og uppfyllti hún ekki þær kröfur sem settar eru fram í gildandi lögum og reglugerðum. Aðrar vörur sem tiltækar voru í eftirlitinu hjá Húsasmiðjunni uppfylltu þær kröfur sem settar eru fram í framangreindum lögum og reglugerðum. Eco-Garden ehf. hefur orðið við kröfum um úrbætur vegna vörunnar Topgun illgresiseyðir, þykkni / UkrudtsFri KVIK Koncentrat og telst máli þessu því lokið af hálfu stofnunarinnar.

Vakin er athygli á því að hér er eingöngu um að ræða eftirlit með plöntuverndarvörum sem féllu undir umfang eftirlitsins og voru á staðnum á þeim tíma sem eftirlitið fór fram. Hugsanlegt er að aðrar vörur, sem Húsasmiðjan ehf. setur á markað standist ekki kröfur efnalaga nr. 61/2013 eða reglugerða settra á grundvelli þeirra.

Upplýsingar um plöntuverndarvörur má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar¹.

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Kristínar Silju Guðlaugsdóttur, varðandi plöntuverndarvörur í síma 591-2000 eða gegnum netfangið kristin.s.gudlaugsdottir@umhverfisstofnun.is til að fá nánari upplýsingar.

Virðingarfyllt,

Kristín Silja Guðlaugsdóttir
sérfræðingur

Hafdís Inga Ingvarsdóttir
sérfræðingur

¹ <https://ust.is/atvinnulif/efni/plontuverndarvorur/>